




MIÐSVÆÐI Á HORNAFIRÐI

Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar

2012-2030

03.05.2021



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Skipulagslýsing	3
1.2	Markmið	3
2	FORSENDUR OG FYRIRHUGUÐ BREYTING	3
2.1	Deiliskipulag	4
3	UMHVERFISÁHRIF	5
4	KYNNING OG SAMRÁÐ	5
4.1	Umsagnaraðilar	5
4.2	Samráð	5
5	SKIPULAGSFERLI	6

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
AB	ÁJ	2525-020-15

1 INNGANGUR

Hér á eftir fer skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér að miðsvæði á Hornafirði (M1) stækkar og Heppuvegur 5 og hluti lóðarinnar Heppuvegar 6 verða á miðsvæði í stað athafnasvæðis.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.


Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulagsbreytingarinnar.

1.2 Markmið

Markmið með aðalskipulagsbreytingunni er að heimila breytta landnotkun fyrir Heppuveg 5 og hluta Heppuvegar 6 sem notað hefur verið sem sláturhús og starfsemi tengdri því. Með breyttri landnotkun úr athafnasvæði yfir í miðsvæði verður heimilt að hafa á lóðunum matvælaframleiðslu/iðnaðarframleiðslu, veitingasölu og listsýningar auk íbúða.

2 FORSENDUR OG FYRIRHUGUÐ BREYTING

Svæðið sem breytingum tekur liggur að Hafnarsvæðinu við Hornafjarðarhöfn. Heppuvegur 5 er 2.445 m² lóð og á henni stendur 530 m² kartöflugeymsla frá 1956. Heppuvegur 6 (L174608) er um 7.300 m² lóð og á henni eru byggingar frá 1947 sem eru rúmlega 3.300 m² sem er skráð hjá Þjóðskrá sem iðnaðarhús og sláturhús.



MYND 1. Gildandi aðalskipulag á Höfn. Svæðið sem breytingum tekur er inna rauða hringsins.

Í gildandi aðalskipulagi eru lóðirnar á athafnasvæði AT1 en fyrirhugað er að breyta starfsemi húsanna sem er komin eru til ára sinna og hentar ekki lengur fyrir þá starfsemi sem þau hafa þjónað hingað til. Stefnt er að því að austari hluti hússins á Heppuvegi 6 verði áfram fyrir matvælaframleiðslu eða iðnaðarframleiðslu, íbúðir verða útbúnar í hluta hússins og veitingasala og listsýningar vera þar einnig. Á Heppuvegi 5 hefur þegar verið heimilaður veitinga- og skemmtistaður.

Um miðsvæði segir í gildandi aðalskipulagi:

Á svæðinu „Hafnarvík/Heppa“ er stefnt að endurgerð þyrpingarinnar sem þar stóð, og nýbyggingum í mælikvarða hennar. Byggingar á einni til þremur hæðum fyrir atvinnustarfsemi, þjónustu, menningarstarfsemi, safnastarfsemi sem hæfir staðsetningunni og styrkir heildina.

Breyting á aðalskipulagi verður í samræmi við stefnu aðalskipulagsins.

2.1 Deiliskipulag

Heppuvegur 6 er innan deiliskipulags frá 2013 sem heitir Hafnarsvæðið við Krossey. Heppuvegur 5 er á deiliskipulagi frá 2011 sem heitir Hafnarvík – Heppa – Höfn.

Breyting á aðalskipulaginu hefur ekki í för með sér kröfu um breytingu deiliskipulaganna og verða deiliskipulögin áfram í samræmi við aðalskipulag.

3 UMHVERFISÁHRIF

Breyting á aðalskipulagi vegna miðsvæðis felur ekki í sér framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og fellur því ekki undir lög um umhverfismat áætlanana nr. 105/2006.

Í breytingu á aðalskipulagi verður gerð grein fyrir áhrifum skipulagsbreytingarinnar á umhverfið í samræmi við skipulagslög.

4 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almennungi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins <http://www.hornafjordur.is>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins að Hafnarbraut 27, á Höfn. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða skrifstofu skipulagsfulltrúa á netfangið skipulag@hornafjordur.is, fyrir auglýstan tímafrest.

4.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlitið

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fagstofnana.

4.2 Samráð

Á vinnslutíma mun aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu verða kynnt bæði íbúum/almennungi og hagsmunaaðilum.

5 SKIPULAGSFERLI

Meðferð skipulags- og matslýsingar verður skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

TAFLA 1 Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

MÁNUÐUR	LÝSING
maí 2021	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður jafnframt kynnt almenningi. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
júní 2021	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd, kynnt almenningi og lögð fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.
júní 2021	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send Skipulagsstofnun, sem veitir heimild til auglýsingar, innan 4 vikna. Tillaga auglýst og send til umsagnaraðila. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
ágúst 2021	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu afgreidd í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun.
september 2021	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.